

12. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 29. október 2024 í fjarfundi.

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Raket Másdóttir (RM), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

Forföll: Ásgeir Sveinsson (ÁS).

Formaður setti fund kl. 18:00

1. Þrastaskógur

Þann 8. september sl. var eftirfarandi bókað á stjórnarfundum í tengslum við málefni Þrastaskógar.

- Með bréfi dags. 18. september 2023 var rekstraraðila tjaldsvæðisins í Þrastalundi tilkynnt að tjaldhýsi sem hann hafði reist á svæðinu væru þar í heimildarleysi, án tilskilinna leyfa, tilkynningar og án samþykkis landeiganda. Því var þess krafist að hann fjarlægði umrædd mannvirki af lóð UMFÍ fyrir 1. nóvember 2023. Af hálfu rekstraraðilans var þessari kröfu mótmælt og bent á að samkvæmt rekstrarsamningnum hefði hann 12 mánuði til að bæta úr vanefndum á samningnum. Viðræður hafa verið í gangi um lausn málsins en ljóst að ekki næst samkomulag milli aðila fyrir 18. september nk. Þegar umræddir 12 mánuðir verða liðnir.
- Af þessu tilefni samþykkir stjórn UMFÍ að veittur verði lokafrestur til 1. nóvember 2024 og á þeim tíma verði reynt til þrautar að leysa málið með samkomulagi milli aðila. Náist ekki samkomulag fyrir 1. nóvember verði rekstraraðila gefinn 14 daga frestur, frá þeim degi, til að fjarlægja mannvirkin af landinu.

Samkvæmt upplýsingum frá lögfræðingi UMFÍ, þá er fyrirséð vegna óviðráðanlegra ástæðna að ekki náist að klára vinna málið fyrir þann 1. nóvember næstkomandi.

Stjórn UMFÍ samþykkir að ofangreindur lokafrestur verði framlengdur til 10. desember 2024.

Farið yfir fundargerð í lok fundar.



Fundi slitið kl. 18:08
SÓJ ritaði fundargerð